



Ræða flutt um þjóðmál og Íslendinga, ódagsett.

Bjarni Benediktsson – Stjórnmál – Ræður – Þjóðmál – Íslendingar – Þjóð - Danmörk

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360

Ræður

Askja 4-4, Örk 7

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bjarni Benediktsson : Sáttmálinn 1967 og 1.
ein veldiskyllelinninn 1968 [Tveitavogur
varði]

Ég minnist þess, að í æsku heyrði ég

föður minn og kunningja hans ræða um nauðsyn
þess, að Gamli sáttmáli væri prentaður á
póstkort, svo að hann gæti orðið hverjum
einasta landsmanni handbær. Þessi áhugi
þeirra spratt af því, að þeir töldu Gamla
sáttmála vera grundvallarheimild fyrir
réttindakröfum, sem þá voru hafðar uppi gagn-
vartt Dönum, og vildu þess vegna að allir

* umaríð prentar
: Félagsprent-
smiðunni löftu
námen gefit silt
póstkort út
þegar 1907 og
bólgan í lokar
Sviarsorð prentar
meir eitt þinna
eftir ós hauva
lengst: erindi fetha

sé ekki nema nokkrir áratugir síðan Gamli
sáttmáli hafði raunverulega þýðingu í stjórnmálum þjóðarinnar og deilum hennar við Dani.

Eftir setningu sambandslaganna við Dani
1918 hvarf sú þýðing, sem enn hefur enginn
löggerningur, sem skráður hefur verið á
Íslandi, meiri sögulega þýðingu, því að hann
varð í senn sáttmáli um afsal sjálfstæðisins
og sú réttarheimild, sem bezt dugði við
endurheimi þess. Vegna þess að sáttmáli
var bessi verður í ár 700 ára gamall, ~~þekktum~~ gerður

á Alþingi 1262, þykir hlýða að minnast hans nú nokkrum orðum.

Pess er þá fyrst að gæta, að nokkuð er á reiki um nafngift þess sáttmála, sem gerður var 1262. Flestir landsmenn kalla hann

Gamla sáttmála, en því nafni hefur ~~annar~~^{óannar} sáttmála, en nefnzt frá fornu fari, og hyggja menn ~~mín~~^{at}, ~~hans~~^{hann} nú nokkrum áratugum yngri eða frá ~~dögum~~^{árinum 1300 eða öllu leiknum 1307}. Hékonar konungs háteggs. Sáttmálinn, sem

gerður var 1262, er hinsvegar af sagnfræðingum kallaður Gissurarsáttmáli og mun ég hér vitna til hans, því ~~hann~~^{at} er frumheimildin og sem sagt sá, sem almenningur hyggur við átt, þegar rætt er um Gamla sáttmála. Skal ég nú lesa Gissurarsáttmála, eins og hann er prentaður, þar sem hann mun nú einna flestu tiltækföldur, í Íslendingasögu Jóns professors Jóhannessonar, með greinartölum, sem hann setti til hægðarauka. Sáttmálinn hljóðar svo:

"Það var sammæli bænda fyrir norðan

lands og sunnan,

1) að þeir játuðu ævinlegan skatt herra Hákoni konungi og Magnúsi konungi, land og þegna, með svörnum eiði, tuttugu álnir hver sá maður, sem þingfararkaupi á að gegna. Þetta fé skulu saman færa hreppstjórar og til skips og fá í hendur konungs umboðsmanni og vera þá úr ábyrgð um það fé.

2) Hér í móti skal konungur láta oss ná friði og íslenzkum lögum.

3) Skulu sex skip ganga af Noregi til Íslands tvö sumur hin næstu, en þaðan í frá sem konungi og hinum beztu bændum landsins þykir hentast landinu.

4) Erfðir skulu uppgefást í Noregi fyrir íslenzkum mönnum, hversu lengi sem þær hafa staðið, þegar réttis arfar koma til eða þeirra umboðsmenn.

5) Landaurar skulu uppgefást.

6) Slíkan rétt skulu íslenzkir menn hafa í Noregi sem þá, er þeir hafa beztan haft, og

þér hafið sjálfir boðið á yðrum bréfum og að halda friði yfir oss, svo sem guð gefur yður framast afl til.

7) Jarlinn viljum vér yfir ~~oss~~ nafa, meðan hann heldur trúnað/~~v~~ við yður, en frið við oss.

8) Skulum vér og vorir arfar halda allan trúnað við yður, meðan þér og yðrir arfar halda við oss þessa sáttargjörö, en lausir, ef hún rýfst, að beztu manna yfirsýn."

Hinn svarni eiður hljóðaði svo:

"Til þess legg eg hönd á helga bók, og því skýt eg til guðs, að eg sver Hákonni konungi og Magnúsi ~~l~~ond og þegna og ævinlegan skatt með slíkri skipan sem nú erum vér ásáttir orðnir og máltagabréf þar um gert vottar.

Guð sé mér svo hollur sem eg satt segi, gramur, ef ég lýg."

Svo sem menn heyra er þetta að formi til einhliða yfirlýsing Íslendinga og er þó

berum orðum talað um sáttargjörð. Af hálfu Íslendinga hefur og ætíð verið talað um sáttmála, p.e.a.s samning milli fyrirsvarsmanna Íslendinga og umboðsmanna konungs. Hvað sem ~~verminna~~ líður, er ljóst, að skuldbindingar þær, sem Íslendingar gangast undir, eru háðar skilyrðum þeim, er þeir setja, og ef gagnaðili fellst ekki á þau, þá taka skuldbindingar Íslendinga ekki gildi. Að efni til er því ótvírætt um sáttmála að ræða.

~~Há~~ en ~~þ~~öllilegt, að menn varpi fram þeirri spurningu, hvernig stóð á þessari sáttmála-gerð, hyer var aðdragandi hennar? Svar við ~~þessu~~ ~~þeirri-spurningu~~ er flóknara en svo, að það verði gefið í stuttu máli, enda skortir mig lærðóm til að gefa það til hlítar, þótt meira ráðrúm væri til. Örstutt yfirlit verður þó að gefa til þess, að menn átti sig betur á málum.

Íslendingar höfðu frá upphafi nánara samband við Norðmenn en aðrar þjóðir. Óljósar

sagnir eru af því, að Haraldur konungur hár-fagri hafi viljað leggja landið undir sig og síðan hafi Haraldur Gormsson, konungur Dana og Norðmanna, hótað að herja til Íslands.

ENN síðar reyndi Ólafur konungur hinn helgi að seilast hér til valda. Þær tilraunir fóru út um þúfur og eru nú helzt í minni manna vegna ræðu þeirrar, sem Snorri Sturluson segir, að Einar Þveræingur hafi þá haldið,

~~en~~ ~~menn atla nú, að Snorri hafi sjálfur samið~~
~~met atbundni: sinnar eigin sonum~~
~~með synirsethanir Hákonar konungs gamla,~~
~~um yfirráða Íslandi, íbúgar ná hans eigin~~
~~dögum.~~ Vist er, að Snorri þekkti vel löngun Noregshöfðingja til valda yfir Íslandi, því að hann er hinn fyrsti innlendra höfðingja sem virðist hafa léð mál sín að ganga þeirra erinda. Konungur reyndi látlauast frá því um 1220 að ná tangarhaldi á landinu og linnti þeirri sókn ekki fyrr en yfir lauk, 1262. Allan þennan tíma var Hákon Háskonarson, konungur í Noregi, fyrst með forræði

Skúla jarls Bárðarsonar, sem síðan varð
~~Mest i ættin þessarar~~
~~annar~~ mesti valdamaður í Noregi nær helming
 þessa tímabils. Skúli var mikill vinur Snorra
 Sturlusonar og er líklegt, að Hákon konungur
 hafi átt upptök að því, að Snorri var tekinn
 af lífi skömmu eftir að ~~þann~~ hafði fellt
 Skúla jarl í innanlandsfriði í Noregi, ekki
 fyrst og fremst vegna þess, að Snorri fór
 út hingað í forboði konungs heldur af því,
 að hann hafi talið Snorra samsekan Skúla
 um landráð gegn sér. Sjálfur var Hákon einn
 dugmesti konungur, sem í Noregi hefur verið,
 friðaði Noreg eftir langvarandi óeirðir,
 efldi mjög veldi konungs í landinu og létt
 sér einkar umhugað um að treysta yfirráð
 og áhrif sín yfir byggðum Norðmanna á
 norðanverðum Bretlandseyjum. Sókn hans eftir
 yfirráðum á Íslandi var því aðeins einn þáttur
 almennrar viðleitni hans og sýnir viðureign
 hans við Íslendinga, að hann var í senn hygg-
 inn og þolinmóður. Hann kunni að ná settu
 marki, þótt ~~hengjan~~ ~~tíma~~ ~~baki~~, því að það

var fyrst skömmu fyrir dauða hans sem íslendingar sóru henum land og þegna og hafði hann þá keppt að því marki í meira en 40 ár.

Konungur fékk hvern íslenzka höfðingjann eftir annan til að ganga erinda sinna, átti ~~augljósen~~ hlut að því, að hér voru settir norskir biskupar í sama skyni og sendi, einkum undir hið síðasta, fjölda erindreka sinna hingað til lands til að vinna að framgangi fyrirætlunar sinnar. En íslendingar voru tregir til og flestir hinna íslenzku höfðingja brugðust lengi vel, þegar á átti að herða.

Konungi fór þó að verða nokkuð ágengt, þegar eftir 1240. Þá fer að tíðkast, að íslenzkir höfðingjar leggi deilur sínar í gerð hans og um svipað leyti fer hann að ~~skipa~~ ^{nítala} ~~þrýnufyrir~~ ^{um} mannaforráð ^{um} hér á landi, að því er virðist fyrst goðorðum þeim, er Snorri Sturluson lét eftir sig. Skömmu síðar, eða um 1250, eru einstakir

höfðingjar knúnir til að fara á hans fund og afsala goðorðum sínum í hendur honum og þiggja þau síðan á ný að léni úr hans hendi. Allar eru frásagnir af þessu þó harla óljósar og er bersýnilega mjög tilviljanakennt frá hverju er skýrt. Ótvírett er þó, að ~~enka~~ eitt

~~hér~~ ~~en~~ ~~haf~~ ~~voiti~~ ~~konungi~~ ~~hefsta~~, jafnvel
áður en hann 1258 gaf ~~gu~~ Gissuri Þorvalds-
syni jarlsnafn og ~~sæ~~ ~~henn~~ ~~yfir~~ ~~alla~~
~~landi~~ ~~gjö~~ ~~rung~~ og ~~Norðlendin~~ ~~gjö~~ ~~rung~~ og ~~aller~~
~~fjör~~ ~~tunga~~ ~~landsins~~ ~~aðra~~ en ~~Austfir~~ ~~inga~~-
~~hanga~~ ~~þjö~~ ~~henn~~ ~~unum~~
fjörung. Hlýtur hann pá að hafa talið sig
vera búinn að fá ~~einkarjar~~ heimildir ~~fx~~
~~há~~ ~~unum~~
yfir þeim ~~fjör~~ ~~ungum~~, sem hann ráðstafaði svo.

Með jarlsti ~~in~~ Gissurar hefst lokapátt-
urinn. En einnig pá reynir Gissur í lengstu
lög að vinda sér undan og það er fyrst eftir
hingaðkomu Hallvarðar gullskós sumarið 1261,
sem svo er hert að Gissuri, að hann telur sér
ekki undankomu auðið.

A Alþingi 1262 fær Gissur jarl pá,
sem ~~mi~~ þar voru komnir, til að fallast á
Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

at Blasbergsgjó
lest i landin
i Norðlendi
hér eru játak at
ajolda konungi
skatt, þegar

konungsmál með því að biðja þá góðum orðum
~~og~~ kalla það fjörráð við sig, ef þeir sam-
 þykktu eigi. En þetta þing sóttu a.m.k. meðan
 sáttmálinn var gerður einungis Norðlendingar
 og Sunnlendingar vestan Þjórsár. Vestfirðingar
 höfðu ætlað að ríða til þings undir forystu
 Hrafn Oddssonar, en staðnæmdust í Borgar-
 firði og höfðu þar mikinn liðsafnað. Aður
 höfðu þeir haft samband við Austfirðinga
 og Oddaverja um að þeir skyldu allir saman
 sækja Alþing. Hvorugir hinna síðarnefndu
 komu þegar á reyndi.] Allt[[~]] þetta atferli
~~at~~ nú harla torskilið ~~og~~ en virðist gefa til
 hafi
 kynna að mjög/skort á trúnað milli hinna
 innlendu höfðingja. Hallvarður hefur att þeim
 saman og hrætt þá hvern með öðrum. Hann hefur
 ekki viljað eiga undir því, að Gissur og
 Hrafn hittust fyrr en hvor~~at~~ um sig varð bú~~at~~
~~at~~ að fá sína menn til að sverja Hákon
 konungi hollustu. Niðurstaðan varð~~x~~ sú, að

fyrst sóru þeir, sem komnir voru til Alþingis, og síðan hinir, sem biðu vestan heiðar í Borgarfirði. Hafði Gissur þá riðið af Alþingi austur í Laugardal. Síðan sýnist Gissur hafa snúið aftur til Þings og Hrafn einnig riðið þangað og þeir tekist í hendur fyrir kirkjudyrum, að viðstöddum helztu höfðingjum úr liði beggja. Ari síðar ~~sóru~~^{sóru} Oddaverjar ~~hollustu~~^{hollustu} Noregskonungi ~~skatt~~^{skatt} og árið þar á eftir gerðu Austfirðingar slikt hið sama. Þar með höfðu allir Íslendingar gengið undir konung, en úrslitaákvörðunin var tekin með sættargerönni á Alþingi 1262. Fræðimenn greindu á um, hvort hún hafi fengið lögformlegt samþykki í lögréttu sem bindandi lög fyrir allt land, en svartagarnir sýna, að það eitt var a.m.k. ekki látið duga.

Þetta örurstutta yfirlit gefur harla ófullkomna mynd af því, sem gerðist á þessum árum. En sannleikurinn er sá, að með því að lesa skýringar ~~hæt~~^{hæt} beztu fræðimanna á

sjálf en Sturlungs
 að meðkvæsta rit-
 sefni, sem skrát
 hefum verið í
 Íslensku, en
 miðkvæm frítt
 [þengi til hér
 næða] vettó,
 óskilaði og a
 öllum [kvíum
 atkvæðum, sem
 þær er sagt frá].

Sturlungu og öðrum samtímaheimildum verða
 menn litlu nær. Frásögnin er svo gloppótt
 og að því, er menn nú telja, á stundum
 svo vilhöll, að mjög erfitt er að finna
 óslitið orsakasamhengi. Þess vegna skýrir
 hver fræðimaður atburðarásina nokkuð með
 sínum hætti og les úr henni það, er honum
 sjálfum þykir sennilegast. Mér sýnist því
 eðlilegast til skýringar að ~~hæða nánar~~
~~þeirri~~ heimild, sem með engu móti verður
 rengd, sjálf ~~en~~ sáttmálanum frá 1262, og
 leiða af honum, hvað það er, sem Íslendingar
 þykjast vinna með gerð hans.

Lítum þess vegna ~~þær~~ á það, sem
 Íslendingar áskilja sér gegn ~~þær~~ heitorði,
 sem þeir gefa konungi. ~~þa~~ er þess að gæta,
 að þar sem rætt er um erfðir í Noregi,
 landaura ~~þeir~~ og rétt íslenzkra manna í
 Noregi ~~þa~~ er vitnað til samnings, sem
 Íslendingar á sínum tíma gerðu við ~~þær~~
 Ólaf konung hinn helga. Ákvæði þess samnings

eiga að haldast að öðru leyti en því, að erfðaréttur Íslendinga í Noregi á að verða tryggari en áður og landaurar skulu upp gefast. Ekkert af þessu ~~hafar~~^{get hækkt} úrslitapý-ingu 1262, en rétt hefur þótt að taka ákvæðin upp í sáttmálann, bæði vegna hins breytta réttarsambands, sem varð við konungstökuna og vegna þess að réttindi Íslendinga áttu að verða nokkru meiri en áður. Úrslita-skilyrðin eru hinsvegar þessi:

Konungur skal láta Íslendinga ná friði og íslenzkum lögum.

Sex skip skulu ganga frá Noregi til Íslands tvö sumur hin næstu, en þaðan í frá sem konungi og hinum beztu bændum landsins þykir hentast landinu.

Konungur skal halda friði yfir Íslendingum, svo sem guð gefur honum framast afl til, og telja þó sumir ~~fíramín~~ fræðimenn, að þetta ákvæði taki einungis til veru Íslendinga í Noregi.

Jarlinn vilja Íslendingar yfir sér hafa meðan hann heldur trúnað við konung en frið við þá.

Íslendingar og þeirra arfar skulu halda allan trúnað við konung meðan hanñ og hans arfar halda við Íslendinga þessa sáttargjörð, en lausir ef hún rýfst, að beztu manna yfirsýn.

Í þessum fimm liðum er í þremur berum orðum talað um trygging friðar og hið sama skilorð felst einnig ⁱ hinum síðasta, sjálfu uppsagnarákvæði samningsins. Það getur því ekki dulizt, að Íslendingar leggja megin-

*þau eru frá sjónum -
miðið, landin ga
liðast - viðningar voru
vit samningsins.*

} áherzlu á, að konungur skuli láta þá ná friði. Það er megin einfni samningsins.

Pegar hér var komið, höfðu látlausar innanlandsdeilur staðið, oft með miklum liðssafnaði og svo lengi sem elztu menn mundu. Að vísu er það rétt, sem á hefur verið bent, að í þeim herhlaupum voru ekki dreppnir ~~allt~~ alls nema nokkur hundruð manna.

En í þeim hópi voru margir beztu manna þessarar kynslóðar, Allir áttu höfðingjar um sárt að binda, höfðu misst náin skyldmenni og staðið sjálfir í miklum mannraunum. Og allmenningur varð að taka þátt í liðsafnaði, átti á hættu dauða meiðingar, fjárútlá~~t~~ og hvers konar ofríki. Í landinu hafði ríkt ógnaröld, slík, að allir félust að lokum á það, nauðugir viljugir, að konungs þyrfti við til að láta þá ná friði. ~~þekkt~~ ~~þekkt~~ skortur

*van abbi (uni)
hendie,*

á innlendu ríkisvaldi, er ~~haldið~~ ~~gæti~~ uppi friðnum ~~er~~ lent vald sótti í það ~~á~~ valdatökum, sem við öllum blasti.

Menn ~~þess~~ sér ekki nægja, að konungur skuli láta þá ná friði, heldur setja þeir berum orðum það skilorð, að jarlinn vilji ~~þaumur nij kennung~~ ~~þeira~~ hafa meðan hann haldi frið við þá. Orðalagið er tvírætt. Flestir ~~þekk~~ fallast að vísu nú á þá kenningu, að Gissur Þorvalds-son hafi fengið fyrirmælið um jarlinn settan í sáttmálann til að tryggja sína eigin stöðu, og ~~vildi~~. Ákvæði hafi því miðað

við hann einan. Óneitanlega kann orðalagið
 að benda til þess, að við einungis einn
 ákveðinnmann, jarlinn, sé átt, og jafnvel
 má lesa úr því nokkurra tortryggni í senn um
 trúnað jarlsins við konung og friðarvilja
 hans við landsmenn. Ekki sýnist mér þó ein-
 sætt, að parna sé átt við Gissur einan. Hitt
 er ótvírátt, hvílík áherzla er lögð á, að
 jarlinn haldi frið við landsmenn, og orða-
 lagið má skilja [í senn til trúnaðar] við
 konung og til frekari tryggingar friði en
 fjarlægum konungur geti veitt, það er að
 segja til eflingar ríkisvalds innanlands.
 Gegn því þarf ekki að striða, þótt enginn
 hafi tekið við jarlsdæmi eftir Gissur, því
 að óvist er, að konungur hafi óskað að efla
 nokkurn íslenzkan höfðingja, eftir að hann
 hafði náð tangarhaldi á landinu, og ekki er
 sennilegt, að nokkur hinna innlendu höfðingja
 hafi unnt öðrum að verða ofjarl sinn.

svo, að jarlinn
 sé rettur

Þá er ákvæðið, sem tengt er við rétt
 íslenzkra manna í Noregi um, að konungur
 skuli halda friði yfir íslendingum, svo sem
 guð gefi honum framast afl til, ekki síður
 tvírætt. Sumir telja, að það eigi einungis
 að við frið yfir íslenzkum mönnum í Noregi,
 og mundi það þá benda til þess, að íslendingar
 vildu tryggja sig gegn því að þurfa að hlýta
 afarkostum þar. En óneitanlega virðist ákvæðið
 helzt til viðamikið og hátiðlegt til þess
~~það~~
 einungis að ~~staðfesta~~ það, sem þegar felst
 í fyrri hluta setningarinnar, staðfestingu á
~~þá~~ fyrri réttarvernd íslendinga í Noregi.
 Ákvæðið er bersýnilega ~~beinlinis~~ tekið úr
 bréfum konungs, sem fyrir hafa legið, og er
 þá engan veginn ólíklegr til ~~takið~~, að með
 þessu hafi að konungur viljað ábyrgjast
 íslendingum frið bæði gegn hættum innanlands
 og að utan, þ.e.a.s. heitið þeim landvörnum.
 Tilvitnunin til þess afls, sem guð framast
 gefi konungi, bendir ~~síðu~~ ~~óneitanlega~~ að i

pessa átt. En á hvorn veginn, sem menn vilja skýra þetta, þá er hér enn eitt dæmi þess, hvílík ^a höfuðáherzlu menn leggja á að tryggja sér frið.

Svipuðu málí gegnir enn um það, að konungur skuli láta menn ná íslenzkum lögum. Þarna er raunar einkum um að ræða takmörkun á rétti konungs. Í afskiptum sínum af íslenzkum málum skal honum skyldt að beita íslenzkum lögum. Þeim getur hann ekki breytt nema í samræmi við hina íslenzku stjórnskipun, svo sem hún var orðin eftir að vald goðanna var a komið í konungshendur. En ~~þessum~~ ^{ferni} orðum blanda og til þess, at íslenzlarva laega kennreinnaðar felastiskihordum, að skuli satt betur en ótan, honum er i konungur-léti af heimri valdboitingu, sem að láta manum ná spínum hennsóum hafði viðhaft hér á landi og ekki var í samræmi við íslenzkum lög. Menn viðurkenna að vísu konungdæmið, en skilja það til, að héðan í frá fari ~~þó~~ að íslenzkum lögum, en beiti ekki þeim að ferðum, sem ~~þó~~ hafði ^{hann} gert á meðan ~~það~~ var að ryðjast til valda.

Nán er anna
vikit að fari
þóttum - að standi,
sem vikit hefð:
og L.t.o. líman
~~þóttum~~
~~þóttum~~
~~þóttum~~
~~þóttum~~
~~þóttum~~

Hér má og minna á, að það er naumast tilviljun,
að strax og á reynir eftir sáttmálagerðina
1262 verða báðir biskupar íslenzkir á ný.

Um þetta hefur verið samið, í lendingar vildu
tryggja sér að ná íslenzkum lögum og þar
með firra sig ófriði jafnt af hálfu konungs
og kæ kirkjuvalds sem annarra.

*sá Maria laus af hálfa
Íslendinga*
Annað höfuðatriði, ~~sem landsmenn~~ vildu
~~tryggja sér~~, kom fram í þessum oðrum:

"Skulu sex skip ganga af Noregi til Ís-
lands tvö sumur hin næstu, en þaðan í frá
sem konungi og hinum beztu bændum landsins
þykir hentast landinu."

Parna lýsir sér það höfuðmein, að
Íslendingar gátu ekki lengur annaðsyn-
legar siglingar til landsins. Þess vegna hafði
konungur stundum, þegar honum þótti mikið
við liggja, beitt farbanni, þ.e.a.s. bannað
allar siglingar frá Noregi til Íslands. En
jafnvel þótt ekki væri gripið til slíkra
harðræða, hefur mönnum þótt sigling hingað

svo ótrygg, að askilegt væri, að konungur
 ábyrgðist hana. Sumir telja, að tveggja ára
 tímabilið hafi verið ákveðið af hálfu konungs
~~· hin skeyni~~
~~· til þess~~ að knýja alla íslendinga til að
 fallast á sáttmálann. Heldur en það pó ólík-
 legt, því þó að raunin yrði sú, að tvö ár
 liðu þangað til hinir síðustu játuðu konungi
 trúnað, þá var ekki hægt að sjá það fyrir
 1262, og harla ósennilegt, að svo berri
 hótun væri beitt, þegar jafnlíklega horfði
 fyrir konungsmáli og með sáttargjörð þessari,
~~enda vor ákvæðið sett sem skilarð af hálfu~~
~~íslendinga en ekki konungs.~~

Ekki er um það að villast, að þörfin
 fyrir frið og siglingar til landsins er
 ákvörðunarástæða fyrir sáttmálagerðinni
 1262, samkvæmt efni hennar og orðum. Hugsan-
 legt er, að hinir íslenzku samningsaðilar
 gerik meira úr þessum þörfum en rök stóðu
 til og þá í því skyni að fegra sáttmálann í
 augum sjálfra sín og ~~þau~~ annarra. Það haggar
~~krí~~ ekki ~~en~~, ~~en~~ ~~það~~ ~~er~~ ~~sóta~~ ~~Borgar~~ ~~kyngej~~
Einkasjálastofn ÞjóðarÞingssambands ÞjóðarÞingssambands ÞjóðarÞingssambands ÞjóðarÞingssambands

Íslendingar ákvörðun sína. Þarna er vísað til þeirra ágalla á íslenzku þjóðfélagi, sem aðilar töldu, að einir gætu réttlætt svo afdrífríka ákvörðun, sem þeir sjálfir vissu, að þeir voru að taka.

Hitt er annað mál, að úr veilum hins forna þjóðveldis hefði eflaust mátt bæta á annan veg, og þá einkum með eflingu íslenzks ríkisvalds, sem í senn hefði nægt til að friða landið og tryggja siglingar til þess. En hyggindi Hákonar konungs birtust í því, að hann beitti valdi sínu yfir íslenzkum höfðingjum og norskum biskupum á Íslandi og áhrifum á verzlun og siglingar til að efla ~~þau~~ pá til valda, sem honum höfðu heitið trúnaði, en eyða völdum hinna er hann ekki treysti. Til beinna valdbeitingar norskrumboðsmanna konungs hér á landi ~~kom~~ kom ekki. Konungur lét sér nægja að halda þeim örfáu íslendingum, sem hann vildi ekki að fáru til

{ sem Álvarin
vara hirðmánu-
hús og hórus-
þús hollvertru-
ðugfelin,

Íslands, kyrrum í Noregi og beitti a.m.k.

Íslendingum oftast eða biskupum landsins fyrir sig, þegar hann þurfti stuðnings við til kvaðningar manna  Íslandi til Noregs.

Um eiginlega valdbeitingu konungs, sem neyddi Íslendinga til samningsgerðar, er þess vegna

Manni: fljógu
þó : hraug

} ekki að ræða. ~~Ettu metti varpa fram~~
~~þeirri spurningu~~, hvort það ~~veri~~ ^{leiki} einungis ^{veri} tilviljun, að Hákon konungur fór herförl vestur um haf til Bretlandseyja á norðanverðra

1263. En svo er að sjá sem sú herförl hafi ^{geti} ~~foss~~ ^{vegna} verið undirbúin í skyndi og ~~en því~~ ^{ekki} að ~~hafi~~ ^{veri} til ~~á dæmila~~, ~~at~~ ^{hun} verið vafalaust á ^á sje, að undirbúnin ^{er} hennar hafi miðast

 við Ísland. Einhverjar bollaleggingar hafa þó vafalaust aður átt sér stað um slíkt stórræði og kynni ráðamenn á Íslandi ~~h~~ að hafa verið látnir gruna, að þangað ^{veri} ~~kynni~~ herförl heitið, svipað og ráðgert hafði verið að senda lið til Íslands 1220, þegar Snorri fyrst flæktist í mál konungs og Skúla jarls.

Ekkert verður þó á slíkum getgátum byggt.

Íslendingar tóku ákvörðun sína knúnir af sterkum rökum en ekki beygðir af hervaldi. Málin höfðu lengi þróast í þessa átt, en Hákon varð ekki konungur Íslands fyrr en með sáttmálanum og hollustueiðunum, er svarnir voru frá 1262-1264. Áherlzan, sem konungur lagði á að fá þá eiða, sýnir, að hann taldi sér þörf á þeim og þangað til þeir voru unnir voru Íslendingar ekki skyldir til að sýna konungi hollustu eða gjalda honum ævinlegan skatt.

Það, sem Hákon konungur sóttist eftir og Íslendingar undirgengust, var að sverja Háconi konungi og Magnúsi konungi syni hans land og þegna og ævinlegan skatt, með slíkri skipan sem menn voru orðnir ásáttir ~~og~~ og máltagabréf þar um vottar, eins og segir í sjálfum eiðnum. Er þó ljóst, að ekki einungis þessum tveim konungum, Háconi og Magnúsi syni hans, er heitin hollusta, heldur einnig

þeirra örfum, samanber það er segir í síðustu
 málsgrein sjálfss ^sáttmálans. Með þessum
 ákvæðum er konungur Noregs gerður að
 konungi Íslands og vafalaust ætlazt til, að
 konungdómurinn gangi í erfðir eftir sömu
 reglum og í Noregi.

Akvæðin um vald konungs eru eigi að fullu
 ljós. Konungur tekur að sér að friða landið,
 en honum ber að gera það með þeim hætti, að
 landsmenn nái íslenzkum lögum. Um hæð skatt-
 gjaldsins er berum orðum samið og verður því
 þess vegna ekki breytt nema með samkomulagi
 beggja aðila. En sama máli gegnir um lög-
 gjöfina, að henni má ekki breyta, nema
 samkvæmt reglum íslenzkrar stjórnskipunar.
 En deila má um, eins og fljótlega kom á
 daginn, hver þáttur konungs skyldi vera í
 löggjafarstarfi. Íslendingar héldu í upphafi
 og lengi vel fast við, að þar yrði atbeini
 k Alþingis til að koma og þáttur konungs
 væri svipaður og goðanna áður. Vist hefði

verið æskilegt, að hér hefði verið skýrar á kveðið, en hitt er ótvírætt, að íslendingar hyggjast ekki samkvæmt þessum sáttmála innlimast Noregi eða gerast hluti hans, heldur einungis að ~~sange~~^{shuld línda} til hollustu við Noregskonunga. Í sáttmálanum finnst ekki stafur fyrir því, að þeir verði undirgefnir öðrum Norðmönnum eða öðrum norskum stjórnvöldum.

Mestu máli skiptir þó, að í niðurlagi sáttmálans er berum orðum sagt:

"Skulum vér og vorir arfar halda allan trúnað við yður, meðan pér og yðir arfar halda við oss þessa sáttargjörð, en lausir, ef hún rýfst, að beztu manna yfirsýn."

Það er ekki lagt á ~~vald~~^{undin mat} konungs ~~eins~~^{eins}, hvort hann haldi sáttmálann og fari svo með vald sitt, sem vera berz samkvæmt honum.

Að vísu er sagt, að skattur skuli vera ævinlegur, en ~~se~~^{um} fyrirvari kemur strax á eftir um síðla skipan, sem í sáttmálanum segir,

p.e.a.s. uppsagnarákvæðið á jafnt við um skattinn sem önnur ákvæði. Því hefur verið haldið fram, að þarna væri einungis um að ræða einskonar uppreisnarrétt, sem þegnar stundum áskildu sér gegn höfðingjum sínum á miðöldum. En sáttmálinn ber með sér, að tveir jafnréttháir aðilar mælast við. Konungur fær hollustu landsmanna því aðeins, að hann undirgangist þau skilyrði, sem þeir setja, þ.á.m. petta.

séu

Annað mál er hverjur/hinir beztu menn, sem um eiga að dæma? Um það segir ekkert. En þar sem Íslendingar setja skilorði virðist eðlilegast, að það sé metið eftir íslenzkum rétti og þá svipað og þar sem á undan er vitnað til hinna beztu bænda landsins, sem eiga, ásamt konungi að kveða á um fjölda skipaferða hingað. Að ~~þetta~~ petta reyndi aldrei, ekki vegna þess, að sáttmálinn væri ekki rofinn af hálfu konungsvaldsins, heldur af því, að landsmenn vantaði kjark

~~og~~ styrk til að rifta samningnum, svo sem
 þeir höfðu rétt til. En þó varð ákvæðið engan
 veginn þýðingarlaust. Það sannaði íslendingum
 frá á okkar daga, að forfeður ökkár höfðu
 ekki ofurselt þjóðina erlendu valdi skilyrðis-
 laust, heldur með þeim hætti, að ef misfarið
 væri með valdið ~~en~~ ^{hafi:} ~~en~~ ^{eftir} ~~til~~ ^{ta} ~~þjóðin~~ endurheimi ~~það~~.

Pegar á allar aðstæður er litið, verður
 að viðurkenna, að sáttmálinn 1262 var ekki
 saminn af mönnum, sem vildu frelsi Íslands
 feigt, þó að þeir hefðu sjálfir gefist upp
~~hili~~, heldur hugðust þeir búa svo um, að
 sem minnstur skaði yrði af. Þeir gerðu það
 sem þeir fremst treystu sér til, ^{en} ~~svo~~ að
 þjóðin yrði sem bezt búin í þeirri viður-
 eign, er þeir sáu að framundan ~~hlyti~~ að
 verða. ~~var~~

Má um það minna á samþykktina, sem menn nefndu Gamla sáttmála en nú er talin ~~X~~ vera frá því um 1300 og hafi verið gerð af tilefni valdatöku Hákonar konungs háleggs. Ekki er öruggt, hvort þar erum um að ræða einhliða samþykkt íslendinga, skilyrði af þeirra hálfu, eða beinan samning milli þeirra og umboðs manna konungs. Í þessari samþykkt eru ítrekuð ákvæðin frá 1262 en tveimur bætt við:

- 1) "Utanstefningar viljum vér enga/hafa, utan þeir menn, sem dæmdir verða af vorum mönnum á alþingi burt af landinu."
- 2) "Item, að íslenzkir sé lögmenn og sýslumenn á landi voru af þeirra ætt, sem að fornu hafa goðorðin upp gefið."

Viðbótarskilyrðin af hálfu íslendinga sýna, að þá þegar hafði konungsvaldið byrjað ásókn, sem íslendingar snrust þegar til varnar gegn, þó að ásælni konungs einkum varðandi skipun erlendra

*minnunum mánnan um
en lengast at vegur
en undir óljós bar
urðum meðt
hverri leggjillris -
hverri leggjillris -*
yfirvalda yrði ekki stöðvuð.

Af því tilefni ekki sízt gerðu Árnesingar ~~hins~~

*1944 næfndögum Ashildarmýrar-samþykkt 1496, þar sem þær
óháðan ómeran eru umhverfum*

*'I samþyldet þennanri tóku
A verlinum'*

28

b)

fyrst ~~tóku~~ upp ákvæði Gamla sáttmála en sögðu síðan:

"Nú fyrir þessa grein, að oss þykir þessi sáttmáli ei svo haldinn vera, sem játað var, fyrir sakir lagaleysi, ofsknarr og griðrofa, ómöögulegar áreiðir og noglegra fjárupptekta og manna, sem nú ~~gær~~ gert hefur verið um tíma í fyrr greindri sýslu Árnesi, og hér fyrir lögðum vér greindir Árnesingar almennilega samkomu á Áshildarmýri á Skeiðum eftir gömlum landsins vana, því viljum vér með engu móti þessar ~~áxugt~~ óvenjur lengur þola, hafa né undir ganga."

Barna lýsti hinn forni frelsisandi þjóðarinnar sér í skeleggum orðum, en því miður var þess skammt að bíða, að yfir þyrmði svo sem varð með siðabótinni ~~má~~ hálfrí öld síðar. Bréf frá 1541 sýna, að Jón biskup Arason og Ari lögmaður sonur hans töldu "svarin sáttmála, sem vér og forfeður vorir hafa fyrir oss játað" vera undirstöðu réttarsambands Íslendinga og konungs. En þeir feðgar voru teknir af lífi sökum mótsprynu sinnar við konungsvaldið. Eftir það þvarr kjarkur landsmanna mjög og verður þó að játa, að þegar löngu fyrr var framkvæmd

öll

28 c)

stjórnarháttá á Íslandi orðin [önnur en ætluð var
samkvæmt sáttmálanum frá 1262.

Svo sem ég ~~átt~~ gat um var að ýmsu vel
 búið um rétt ~~Íslendinga~~ í ~~sáttmálanum~~ frá
~~1262.~~ Einkanlega ~~en~~ ~~jásp~~ uppsagnarákvæðið
~~háði~~ getað orðið. Þjóðinni mikill styrkur í
 viðureigninni við konungsvaldið á næstum
 öldum, ef landsmenn hefðu sjálfir haft ein-
 beitni og aðstöðu til að beita því. En til
 þess var aldrei gripið, þrátt fyrir samnings-
 rof konunga. Sennilegt er þó ~~Eg rauðar vaf-~~
~~teus~~, að framan af a.m.k. hafi þeir
 haft verulegt aðhald að því. En aðstaða
 landsmanna veiktist smám saman og kjarkurinn
~~Sengi vel~~
 þvarr þar með. ~~Allt~~ var þó öðru hvoruk,
 einkum við ~~h~~yllingu nýs konungs vitnað til
 hinna upphaflegu ~~jk~~ réttinda, er landsmenn
 hefðu hlotið, þegar þeir sóru konungi í
~~í áttun konungs skatt~~.
 fyrstu hollustu og ~~tr~~. ~~Parti til vitnair~~
~~eru rauðar stundum í suðmjúkara og óljós-~~
~~ara lagi~~. ~~Or~~ ~~Eftir~~ því sem viðnámsþróttur

Gunnarsson
 28 - Q - C

bileft

landsmanna rénaði, óx konungsvaldið ~~pó~~
~~síðaskiltunum~~ ~~þegar~~ ~~áttu~~
~~einkum með og eftir síðaskiptin,~~ ~~þegar~~
~~veld Alþingis~~ ~~þáttu~~ ~~pó~~ allt þangað til
 einveldi var viðurkennt 1662.

Aðdragandi þeirra atburða var sá, að
 í Danmörku var konung ~~dæmi~~ ~~árinu til~~
 ekki arfgengt, heldur réðu aðalsmenn kjöri
 konungs a.m.k. ~~formi~~. Rétt sinn notuðu
 þeir til þess að knýja konung til ýmiss-
 konar réttindaveizlna sér til handa, og
 létu hann undirgangast svokallaða handfesting.
 Hinn síðasti konungur, sem þessu varð að lúta,
 var Friðrik hinn III, og þóttist hann sæta
 afarkostum. Þá var einveldi farið að tíðkast
 í sumum löndum suður í álfu, og sat konungur
 um færi til þess/senn að ná sér niðri á
 hinum dönsku aðalsmönum og taka sjálfum
 sér einveldi ~~og~~ að erlendri fyrirmynnd. Þetta
 færi gafst honum eftir ófarir Dana í ófriði
 við Svíu. Fékk hann fyrst breytt Danmörku
 í erfðaríki, seint á árinu 1660 og einveldi

viðurkennt hinn 14. janúar 1661. Síðan var einveldinu játað í Noregi hinn 7. ágúst sama ár.

Þó að Íslendingar teldu sig ekki eiga að ráða kjöri konungs, heldur skoðuðu Ísland erfðaríki, hafði það oftast tíðkazt, að nýir konungar létu hylla sig hér á landi. Svo var einnig gert um Friðrik III á Alþingi 1649. Eftirtektarvert er, að á því sama þingi er þetta einnig bókað:

"Item óskar og biður öll lögréttan, að konungleg maistet vildi eftir gömlum ~~Íslendinga~~
~~Íslendingasáttmála~~, þegar sköttum var játað af landinu, skikka þeim íslenzka sýslumenn, sem eru guðhræddir og sannsýnir og ástundunar-samir að framfylgja lögum og rétti og lands-ins gagni, en lögréttan afbiður útlenzka sýslumenn hér ~~á~~ í landi."

Parna er því enn 1649 vitnað til Gamla sáttmála, ~~p. a. sem fyrst er meðan~~
~~því dögum Nálekon konungs dílagr~~
~~lenzka sýslumenn hafi ekki verið í hinum upp~~

haflega sáttmála frá 1262, var því skjótlega
 það ínna í sáttmála, en síðar var gerður og
~~renn~~
~~var~~
 längum ~~þesarvernið~~ ruglað saman við ~~hinn~~
~~fyrst~~ í Þingvallum frá 1262.

Rétt er at rekja
 frá sögu stath-
 lega til saman-
 buntar vit og
 hefðum skilning
 á hini, sem gerðist
 1662.

Hyllingen 1649 fór fram með mikilli við-
 höfn. Höfuðsmaðurinn, Hinrik Bjelke, mikils-
 háttar maður, norskrar ættar, ~~sem~~ hingað **1649**,
 eins og í Fitja-annál segir,
 með tvö herskip ~~og~~ létt ~~flytja~~ þrjú kopar-
 feltstykki með mikilli fyrirhöfn upp á Alþing
 - vó hvert fyrir sig fjórar vættir - og setja
 þau á syðri hólmum í Öxará móts við hirð-
 stjórabúðina, sem í þá daga stóð í sunnan-
 verðum stóra hólmanum; hann létt og þar
 reisa upp stóri búð af trjám með stöfum, bitum
 og sperrum og yfirtjalda með vaðmálum." Eið-
 ana unnu menn með knéfalli. Og strax sem eið-
 arnir voru aflagðir létt höfuðsmaður ~~inn~~ skjóta
 þrisvar af fyrrnefndum stykkjum og aftur að
 þinglausnum. Hélt hann veglega veizlu í
 þeirri stóru búð öllum fyrirmönnum landsins,
 andlegum og veraldlegum, og öllum þeim, sem

svarið höfðu. Sú veizla stóð allt fram á nótta með hæversklegri hegðun; var ákaft veitt og druknar skálir, fyrst konungsins, drottningaránnar, prinsins, Danmerkur ríkisráðs og fleiri aðrar; var ætíð skotið þrisvar af stykkjunum við hverja skál, svo Jörgen byssuskytta sagðist hafa skotið það sinn yfir skot. Þótti íslenzkum slíkt nýtt að heyra á Alþingi. Feldtstykkini voru strax flutt suður aftur til Bessastaða."

Með konungsbréfi 24. mars 1662 var biskupum báðum og lögmönnum, öllum sýslumönnum, 12 prestum og próföstum til Skálholts og 6 prestum og próföstum úr Hólabiskupsdæmi, tveimur lögréttumönnum og tveimur bændum úr hverri sýslu boðið að sækja Alþingi það ár, til að vinna konungi erfðahyllingareiða og heyra vilja konungs um fleiri efni. ~~varath~~ ^{Að herra inni} ~~eftir sömu augun~~ var ~~jafnörgun boðið einkona til þings~~ ^{Eftir} ~~log~~ gert hafði verið við konungshyllinguna 1649.

Í kongangsbréfinu 1662 hermir ~~fré~~ ^{því}, að

hátióleg erfðahylling hafi farið fram í Danmörku og Noregi og vilji konungur að hún skuli einnig fram fara "á voru landi, Íslandi".

Höfuðsmaður var þá enn Henrik Bjelke hinn sami og 1649. Hann kom ekki til landsins í tókan tíma og gerðu menn þá því

*A þinginu gerðist
og þar, at þær
hátt heitui „þeirra
þingin gætli verðan,
at þær afsetti til
þessar meðum henni
réttunum, og ver-
lunnar eru: löð-
vethu „þær þeir
vildi helda sig elti-
gjánu heilundin ga-
semþrækt, og arnar
bæti lögnnum svo
til, að að lögnvættar
at þær vildi, at allir
menn hækki sig elti-
islandska lega hri-
heitum: Þeik að
þessi, at meira kalla-
tur á Alþingi (1661),
at sibilupt: Þannla-
síðanale voru i gildi*

samþykkt á þinginu, þar sem þeir reyna að skjóta sér undan erfðahyllingunni, með því að hún sé óþörf hér af því að fyrirmæli sé um það í Lögbók, þ.e.a.s Jónsbók, hver skyldi vera Noregskonungur eftir fráfall konungs, enda höfðu landsmenn hyllt Friðrik konung III 1649.

A þinginu

Höfuðsmaður tók ~~pessi~~ undanbrögð ekki gild, heldur gerði út sendiboða til að kveðja menn til Bessastaða hinn 26. júlí og yrðu eiðarnir unnir daginn eftir. Flestir, sem til voru kvaddir, komu á Bessastaði á tilteknum tíma. Eiðökunni var frestað hinn 28. júlí, ~~ventanlega~~ vegna þess að hinn 27. bar upp á ~~stakkudei~~ ~~frímlígnan~~ Oldsson

helgaði síðan þing, ekki á Bessastöðum,

heldur í Kópavogi. Unnu menn fyrst erfða-

hyllingareið og voru síðan fengnir til þess
að skrifa undir einveldisskuldbindinguna.

*Samtíma heimildir
um Skápaðað fóru
einn hófða fóður
og lígja ekki mið-
þýðumur af hælla
Íslendinga en
all-márum
áratugum síum
ritum*

Arni Magnússon ~~regi~~ svefrá eftir ^l sögn
~~néra~~ Björns Stefánssonar á Snæfuglsstöðum, er
var einn af þeim, sem sóru í Kópavogi ~~regi~~

"Pegar arfhyllingareiðarnir voru teknir
á Íslandi á Kópavogi, voru þar soldátar
(ég veit ei hve margir)
með gever ~~l~~ ók Mag. Brynjólfur, [p.e.]

biskup Sveinsson,] í fyrstu nokkuð að tala ~~um~~ við

Bielke um, að slenzkir vildi ~~eik~~ gjarnan svo
sleppa frá sér öllum privilegiis (p.e.

réttindum) í annarra hendur, hvað til Bielke
ei öðru svaraði en benti honum til þeirra,
er krintzen (p.e. hringinn) gerðu (soldát-
anna), og spurði, hvort hann ~~var~~ ^{sai} þessa. Svo
stakk í stúf um tergeversation ~~um~~ (mótstöðu)
og gekk hann og aðrir liðugir til þess, er
verða átti.

A Kópavogi, þá arfhyllingareiðarnir

áttu að takast, vildi Árni lögmaður (þá gamall orðinn) ei í fyrstu leiðast þar til.

Stóð það svo einn dag eða þar um, að hann stóð streyttur þar við, tandem minis ceasist lacrymans (~~grátandi~~ ~~ea~~ með tár i augum), og sór svo með öðrum." Pótt

Ekki sé að efa, að íslendingar hafi verið tregir réttindaafsalsins og hermenn-

irnir kunnū að hafa haft sín áhrif, er þess bó að gæta, að 1649, þegar ~~engiven get vært~~
~~enim vandkvæði~~ ~~en~~ ~~andirvara~~, heldur ~~ekki~~ ~~aldr~~ ~~læg~~ ~~veit~~ einungis ~~sendi~~ ~~til~~ veizluhalda, voru tvö herskip send hingað. Enda var Henrik Bjelke

ekki einungis höfuðsmaður á Íslandi heldur einnig sjóliðsforingi, 1662 m.a.s. ríkis-aðmíráll. Bjelke hélt og ekki síður veizlu í Kópavogi 1662, en hann hafði gert á Alþingi 1649, því að í Fitja-annál segir svo, að eftir að svarnir hafi verið einvaldsarfhyll- ingareiðar, hefði ~~þetta~~ ~~verst~~:

"Síðan var þeim öllum haldin ypparleg

veizla; stóð f langt fram á nóttr með trómetum, fíólum og bumbum og skotum af feldtstykju ~~Málum~~
 3 í senn, og þar til með skotum svarað af konungsins skipi, sem lá á Seljumunni. Þá
 geingu rachetter og fýrverk af um nótina."

Í Vallholts-annál segir að veizla hafi verið
 ekki haldin "með prjáli miklu og fallbyssu-
 skotum. Var þann dag heið með sólskinni."

En hvað var það þá, sem íslendingar
 undirgengust á Kópavogsfundi?

Þeir "staðfesta og styrkja" konungi
 "sem einum fullkomnum einvaldsstjórnara og
 arfaherra hans arfsrétt til Íslands og
 þess undirliggjandi insuler og eyja."

Í öðru lagi skrifa þeir:

"Hér með afleggjum vér fyrir oss og
 voru erfingja og eftirkomendur allt það, sem
 í fyrrri vorum fríheitum, landslögum, Recess
 og Ordinanziu kann ~~þó~~ finnast að stríða í
 móti ~~Ma~~jestatis rétti ellegar maklega má
 þýðast vera í móti ~~Ma~~jestatis réttri einvalds-
 Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

*Í sperrum sanctum
 heimilum en ekki
 minst einum orði
 á tengtu Íslendinga
 á Kópavogsfundi en
 þárum með miða
 að ekki inn veisku-
 liðskar um.*

gæfin veitt og gefið og landsmenn undir
 svarist "og það í svo miklu sem ei er á móti
 jure mæjestatis", þ.e. rétti hárignarinnar,
 enda hyggja ~~káikum~~ leikmenn þetta ekki rekast
 á. Niðurstaðan varð sú, að lítil breyting
 varð á stjórnhgum landsins á meðan Henriks
 Bjelke naut við, en eftir það varð skjótlega
 önnur skipun gerð á stjórnvaldinu, og um 1700
 var alveg hatt að leggja lagaboð fyrir Alþingi
 Einveldið hafði að fullu og öllu náð tök-
~~um~~ à ~~þeit~~ félöginnu.

Lígru miðri

A meðan einveldinu stóð ~~urða~~ ~~þengu~~ þau
 réttindi, sem Íslendingar áskildu sér 1262
 gegn konungi, því að nú fékk hann allt vald
 í sínar hendur. ~~og~~ ~~vera~~ ~~þar~~ með gerðin þý-
~~ar~~
~~ingarlaus~~ ~~meðan~~ ~~allar~~ hömlar á því valdi
~~taus~~
~~he~~ ~~meðan~~ ~~hann~~ ~~inn~~ hafði rétt til að boita.

~~Þó.~~ En þess ber að gæta, að Íslendingar af-
 söluðu réttindum sínum hvorki í hendur danska
 ríkinu né dönsku þjóðinni, heldur einungis

Skoðun Jóns Sigurðssonar kemur glögt fram í ritgerð hans, þegar hann 1855 svaraði danska prófessornum J.E. Larsen og segir:

"Það liggur í augum uppi, að Íslendingar hafa svarið arfhyllíngareiðinn einmitt í því skyni, að sjá borgið lögum og landsréttindum þeim, er enn voru við lýði, en vinna aptur hitt, er tapað var. Nefndarmenn hafa því ritað undir einveldisskrána, annaðhvort án lögheimildar til þessa, og þá er undirskriptin ónýt; eða af því þeir hafa reidt sig á heitorð konungs síns, og loforð fulltrúa hans, er var alkunnur maður og áreiðanlegur, og hafa þeir treyst því, að undir einveldi konungs mundi þeirra forná sáttmáli, lög og landsfrelsi, mál og þjóðerni, og sérhvað annað. Það er þjóðlegt var og íslenzkt, vera hvað óhultast.

En gjörum enn framar ráð fyrir í svip, að öll þessi skrá sé lögmæt, og enginn löggalli verði á henni fundinn, hvorki að efni né ytra sniði. Þá verður svo mál með vexti: Danmörk, Noregur og Ísland sverja konungi samhljóða eið, og afsala honum einveldi hvert

um sig. Þau standa því öll þrjú jafnt að við konung, en ~~xx~~ samband þeirra hvers við annað stendur allt að einu óraskað. Slitni nú sambandið við konung, eða breytist það, t.d. ef konungur afsalar sér einveldi, þá raskast eigi fyrir það jafnrétti landanna, né heldur tapar eitt þeirra rétti sínum fyrir hinum, heldur hverfur allt í sama horfið og áður var, eða hlutaðeigendur verða að gjöra nýjan samning.

Því ~~gat~~ get eg ekki séð, að á sé komið að lögum nýtt samband milli krúnunnar og Íslands, né millum Noregs eður Danmerkur og Íslands, við hyllíngarskrána frá 1662, eða konungalögin, sem bygð eru á henni og hinum öðrum samkynja skrám ~~fra~~ Danmörku og ~~Noreg~~ Noregi. Eg er því samdóma hinni íslenzku nefnd, að ekki sé nóg að fara að eins og stjórnin gjörði 1851, og leita að hinni síðustu lagastoð fyrir sambandi Íslands og Danmerkur í konungalögunum eða hyllíngarskjalinu 1662, heldur verði hennar að leita í vorum forna sáttmála við Noreg, ~~og~~ ~~þessu~~ ~~efni~~ ~~sýnist~~ ~~mér~~ ~~nim~~ ~~virðulegi~~ ~~höfundur~~ ~~samsinna~~ ~~nefndinni~~ ~~að~~ ~~nokkru~~ ~~leyti~~.

konungi. Þess vegna var það, að er konungur
 afsalaði sér einveldi tæpum 200 árum síðar,
~~þ.e.~~
~~en~~ 1848, þá héldu íslendingar því fram
 undir forystu Jóns Sigurðssonar, að á sama
 hátt og konungur afsalaði sér einveldi yfir
 dönsku þjóðinni í hendur henni sjálfri, þá
~~at:~~
~~hvergi~~ hann ~~at~~ afsala einveldinu yfir
 hinni íslenzku í hennar hendur ~~á~~ ^á Islendingar
 vildu þess vegna ekki viðurkenna rétt grund-
 vallarlagapings Dana, til þess að kveða á
 um rétt Íslands. Þeir töldu að sambærilegt
 þing, þjóðfundur á Íslandi, væri eitt bær
 um að gera það. Með þessari skoðun fengu þeir
 nokkra stoð í konungsbréfi 23. september 1848
 og má þó e.t.v. segja, að þeir hafi lagt meira
 inn í heitorð dönsku stjórnarinnar en orðalag
 bréfsins gefi tilefni til. Þar er heitið, að
 ekki skuli kveðið á um grundvallarákvæði um
 stjórnarstöðu þessa landshluta í ríkinu fyrr
 en Íslendingar hafi fengið að láta uppi álit
 sitt um þau á fundi í landinu sjálfu. Sú sam-

Gunn lemmi at
 39 a og br.

komu, sem þarna var gefið fyrirheit um, Þjóðfundurinn, var ekki haldinn fyrr en 1851. Saga hans er alkunn og skal ekki rakin hér. En næstu áratugi varð það eitt mesta deilumál Dana og Íslendinga, að Íslendingar héldu því fram, að brigðað hafi verið við þá loforðinu um að láta uppi álit sitt á þjóðfundi, og raunar dygði ekki það eitt, að slíkur fundur hefði rétt ~~at~~ uppi álit, sitt eða skoðun, heldur bæri honum í íslenzkum málum tilsvarandi vald og grundvallarlagabingið eða þjóðfundurinn ~~með hafði~~ á sínum tíma í Danmörku.

Undirstaða þessara kenninga var gildi Gamla sáttmála. Íslendingar héldu því fram, að ~~það~~ hefði hafist að nýju með afsali konungs á einveldi sínu. Með þessu var þýðing og gildi Gamla sáttmála frá upphafi orðið lifandi deiluefni í stjórnmálaprætu Dana og Íslendinga. Ekki aðeins hinir ólærðu stjórnmálamenn Dana, heldur fremstu fræði-

á okkar löggum
einum kunnund
þerkin -

og á okkar
löggum Jóns
þorleifssonar
og Einarss
Arnórssonar

menn þeirra í þessum efnunum gerðu sem minnst
úr réttindum Íslendinga samkvæmt Gamla
sáttmála og gildi hans síðar. Undir forystu
Jóns Sigurðssonar mikluðu íslendingar aftur
á móti sem mest þýðingu sáttmálans, bæði
um réttindi þjóðarinnar samkvæmt honum í
upphafi og í sögu landsins æ síðan. Danir
héldu því fram, að Ísland ~~há~~ hefði þegar orðið
skattland eða hjálenda Noregs, en Íslendingar
toldu að samkvæmt sáttmálanum hefðu einungis
~~- staðanup -~~
verið um persónusamband milli Íslands og
Noregs að ræða.

Báðir vitnuðu í ~~síðanum~~ erlenda fræðimenn sér til stuðnings. Vafasamt er hversu margir þeirra hafa í raun og veru kynnt sér malið til hlýtar. Fáir eða engir gerðu það betur en Konráð Maurer, vinur og stuðningsmaður Jóns Sigurðssonar, sem yfirleitt studdi málstað Íslendinga í þessari deili, ~~þó~~ nokkuð ~~ey~~ vitnað til umsagna hans á víxl. Einn fræðimaður sánkur,

Ragnar Lundborg, sem lifði fram yfir seinustu heimsstyrjöld og var mikill vinur Bjarna heitins frá Vogi, ritaði ~~til~~^{um} þessi efni og var oft vitnað til rita hans af fremstu fræðimönnum Þjóðverja á okkar dögum. Lundborg gekk svo langt, að hann hélt því fram, að eftir hugsanlegt brottfall sambands laganna, sem óneitanlega voru nýr og fullgildur ~~xamn~~ samningur milli Danmerkur og Íslands, mundi tilvist konungdæmis á Íslandi vera háð reglum Gamla sáttmála.

Hvað sem um gildi sáttmálans frá 1262 má að öðru leyti segja, sýnist í meira lagi hæpið að gera svo mikið úr því. Er og viðbúið, að þeir vísindamenn, sem kanna þessi efni héðan í frá, eftir að deilan við Dani er úr sögunni og því lengur sem líður frá fullveldisviðurkenningunni 1918 og endurreisn lýðveldisins 1944, líti þessi efni öðrum augum en fyrirrennarar þeirra. ~~Njá þeim gotti þess~~
~~a báta bága, að þeir voru að sækja mál.~~

er eingöngu vísindalegs eðlis, og að ekki
dugir að líta á það gegnum sjónargler, lituð
af deilum nútímans. ~~notta vertri jegas~~ sínir
"beztu menn" og "vitrustu" ~~þegja meiri hafs~~
~~muni skilja~~, og ~~legg jeg öruggur~~ "undir þeirra
ifiresíu" það, sem ~~jeg hef lagt til~~ essa
mále".

Fátt sýnir betur pá gerbreytingu á hugsunarhætti, sem orðinn er á hálfri öld en
það, að svo ágætur Íslendingur sem Björn M.
Olsen, merkasti vísindamaður hérlandis í
norrænum fræðum um sína daga, skuli, svo
sem hann gerir í þessum orðum leggja Ísland
og Danmörku að jöfnu, annað sem "föðurland"
sitt en hitt sem sitt "móðurland". ~~því for~~
~~garri, að margir hinna beztu nanna gtu þá~~
~~hugsaoð sér Ísland sem alveg sjálft, full-~~
~~valda ríki, óháð Danmörku.~~ Aminning Björns
um, að ekki dygði að líta deiluna um upphaf
konungsvalds og þar með gildi Gamla sáttmála
gegnum sjónargler, lituð af deilum nútímans,

heldur skoða það ~~gagnum~~ einungis vísindalegs eölis, var að sjálfsögðu rétt frá sjónarmiði vísindamannsins!↑

En sannast bezt að segja, þá voru menn leita ekki eingöngu að ~~þeim~~ vísindalegra sanninda um meira en sex hundruð ára gamla atburði, heldur voru þeir að leita vopna í sjálfstæðisbaráttu lítillar þjóðar, sem enn vantreysti sjálfri sér og hinir erlendu valdamenn hvorki töldu hafa rétt né getu til sjálfstæðis. Í þeim efnum hafði minningin um sáttmálann 1262 og kenningin um gildi hans ómetanlega þýðingu. Sjálfir sannfærðust íslendingar um, að hvað sem aldagamalli venju liði, - sem raúnar einnig getur haft mikla réttarþýðingu, - þá hefði þjóðin aldrei af frjálsum vilja afsalað sér úrslitarétti um eigin mál og að svo miklu leyti, sem ~~hann~~ á einveldistímunum hefði komist í hendur konungi, væri hann við afsal einveldisins aftur kominn í hennar ~~þjóðar~~ ~~hendur~~. Og þó að Danir sannfærðust ekki af

lögfræðirökum eða réttarkröfum Íslendinga, þá
þreyttust þeir á þeim.

Auðvitað voru það aðrar ástæður, sem réðu
úr skímu
 úrslitum. Vaxandi vilji og geta íslenzku
 þjóðarinnar til sjálfstæðis og vaxandi
 skilningur Dana á að Íslendingar væru
 prátt fyrir fámenni~~ag~~ og ~~félagt~~ í raun og
 veru sérstök þjóð, ~~sem best fari sí at réði~~
~~spurri að at viltu veru fari með~~
sjalf sínum málum, Lásamt ytri aðstæðum, sem
 í báðum heimsstyrjöldunum leiddu til þess að
 greiða fyrir friðsamlegum skilnaði þjóðanna,
 höfðu að lokum meiri þýðingu en allar okkar
 réttarkröfur. En úr gildi þeirra skulum við
 þó ekki gera lítið.

Við meyum ann með þakkiðti minnast þess,
að forfedaður okkar bjuggu í áruppgjafarinnar
stund 1262 svo um, að atíð síðan var með góðri
samvizku hægt að vitna til áskilnaðar þeirra
gagn konungsvaldinu.

Við getum aldrei minnst mannanna frá 1262 með
 þakklæti en við skulum viðurkenna, að þeir lögðu í hér
 hendur komandi kynslóða einu vopnin, sem þeir og
~~háttar~~
 þær höfðu yfir að ráða í viðureign við margfalt
 öflugri valdhafa. Jafnvel á hinum heiðríka summar-
 degi 28. júlí 1662 minntust menn enn þess réttar,
 sem forfeðurnir höfðu áskilið þeim. Vegna þess
 að þeim rétti var þá afsalað til erlends konungs
 varð hinn ~~vænti~~ sólskinsdagur að einum dimmasta
~~dagur att~~ ~~því, nem~~
 degi í sögu þjóðarinnar, ~~en~~ regndagurinn
 17. júní 1944 er einn sá, sem bjartast er yfir, af
 því að þá endurheimti þjóðin til fulls frelsi sitt.
 Við vitum ekki hvernig viðraði á Þingvöllum 1262
~~þá~~ þegar Íslendingar sóru HákonI konungi land og
~~þatun~~ ~~þá~~
 þegna, en við vitum, að frá ~~vi~~ og til 17. júní
 1944 gengu margir daprir og dimmir dagar yfir
 þetta land. Við ~~ekan~~ engan ásaka fyrir það, ~~þa~~
 sem fyrir löngu er liðið, heldur skulum við gæta
 þess, að aldrei aftur skapist hér á landi það ástand,
 sem neyðil ~~geti nobbum~~ ~~þa~~
 sem mörkuð voru á Þingvöllum 1262 og í
 Kópavogi 1662.

Athugið varð en ^{at} Greaveren, sem síðan vart sendi
heima Danus í Síðum, en í línu í arlega doktors mið. ^{43.}
gerð ríkisværu stórum Íslendingum, sem hækkt 1937. á fræðum,
mennar með skattum. Íslendingar um samla sáttmála en
og vorje. Þá varin, danstein fyrstumum, fyrir at heim
hafa sínar spissingu.

Af íslendum froti -
mánuunum hefur Björn
M. Ólfsen semmlega skrifst
af meintri skarspursugni
og blaut leysa um
Samla sáttmála og
takið heim þot
i ritgjöld, ^{sem henni} ~~þegar~~
hækkt 1909. ^{at}
Samla sáttmáli sé
“einn i dag heimur
eini lögreggi eyrind
völlum undin réttum.
samboendu vora mit
Danmarka”

Í lok þessa rits
núr tók Björn
me til orða:

Björn M. Ólfsen tók 1909 svo til orða:

"Í ritgjörðum mínum um upphafi konungs-
valds, þessari og hinni firri, nef ég orðið
að vega á tvær hendur, bæði gegn íslenzkum og
dönskum öfgum. Það er varla ~~á~~ von, að slíku
sje vel tekið af þeim, sem með öfgarnar fara.
Einn af postulum öfganna, landi minn, hefur
sagt um mig út úr þessu, að jeg "ætti ekki
skilið að eiga neitt föðurland". Og nú
bíst ég við, að bræður mínir við Eirar-sund
kunni að segja að jeg eigi ekki skilið að
eiga neitt "móðurland". Slíkt tek ég mjer
ekki nærri. Jeg er mjer þess meðvitandi, að
jeg hef haft einlægan vilja á að leita sann-
leikans í þessu efni og líta hvorki til hægri
nje vinstri, og jeg er sannfærður um að sann-
leikurinn liggar einhvers staðar miðja vegu
millá öfganna. Bæði Íslendingar og Danir ættu
að geta sjeð, að það mál, sem hjer ræðir um,

Pessi þjóð, sem um aldamótin 1100 er talin hafa nálgast 80 þúsundir manna, var eigi nema 50 þúsundir manns á fyrri hluta 19. aldar, og einmitt ári áður en fyrsta hefti Fjölnis kom út í fyrra sinn, eða 1834, kom út í Kaupmannahöfn bók á dönsku eftir einn fremsta valdamann landsins og ágætan Íslending, amtmanninn í Vestur-amtinu, sem fjallaði um fólksfjölda á Íslandi og fjárhagsástæður þess. Í riti þessu varpar hinn fjölfroði höfundur m.a. fram þeirri spurningu, hvort Ísland sé fært um að fæða af sjálfsdáðum þann fólksfjölda, sem þá sé i landinu, og hvort menn eigi, ef svo sé, að óska, að hann fari vaxandi, p.e. fram úr liðlega 54 þúsundum manns.

Höfundurinn telur að vísu, að Ísland sé fært um að ala þenna fólksfjölda, en honum þykir ekki æskilegt, að fólksfjöldinn vaxi og leiðir hann rök til þess af því, hvernig bjargræðisvegum sé háttar á Íslandi og hvað þeir séu stopulir. Um fiskveiðarnar segir hann ~~at~~, að þær sé ágoðinn svo ~~viðarlík~~, að ekki sé á hann að ætla og alærei ~~træk~~ auðgi þær nema einstaka menn, sem hafi vit og efni að fylgja þeim fram, þær á ofan fari svo margir í sjóinn, sem hafi þessa atvinnu, aðrir langtum fleiri verði letingjar og óreglumenn, og töluvert fiskifang geti ekki haldið við, nema góð verzlun og bærileg jarðyrkja séu því til aðstoðar. ~~lp.e. at saman ljúfi at fara fiskveitum, landbúnaðum~~

Hið síðasttalda í þessum rökstuðningi er vissulega rétt. Hinar ástæðurnar finst okkur aftur að móti ~~okkum~~ vera nokkuð hæpnar, og er þær sannast best að segja, að ekki þarf að fara 100 ár aftur í tímann, til þess að finna þann hugsunarhátt, sem þær kemur fram. En það var einmitt gegn þessum hugsunarhátti, hvort sem hann einungis er gamall eða að einhverju leyti einnig nýr, sem tímatitio Fjölnir hóf raust sína. Þog er rétt að geta þess, að það sem ég hefi sagt um bék amtmannsins er tilfært eftir Fjölni.

Að Fjölni stóðu engir valdamenn, heldur einn nýlega útskrifaður guðfræðingur og þrír lagastudentar, sem allir höfðu árum saman dvalið fjarri fósturjarðar sinnar ströndum.

hafði ól þótt

~~maðr~~ pótt ég eigi aett mína um marga liðu til eyja-
skeggja og þar með sjómanna að rekja, þá hefi ég eigi átt
í miklum sjóferðum eða öðrum súlikum harðræðum um dagana.

Hlutskipti mitt hefir þvert á móti lengst af verið
það að sitja yfir bókum, við lestur eða skriftir og önnur
svipuð störf. Verður því að virða mér það til vorkunnar,
pótt ég, í þeim fáu orðum, er ég segi hér í kvöld, fari eigi
að lýsa lífi og kjörum sjómanna, erfiðleikum þeirra og að-
búnaði öllum, hetjulund þeirra og fórnum. Alt þetta þekkið
þið, aheyrendur mínir, flestir miklu betur en ég, og þurfið
hvorki ~~að halda á~~ lofi mínu né lasti. Í þess stað ætla ég
að ræða um efni, sem mér er kunnugra, bregða fyrir ^{mig} bóklestr-
inum og minnast á bók eina, sem ég hefi nýlega lesið, og
fara nokkrum orðum um lærðóma þá, sem ég hygg, að af henni
mengi draga.

Um bókaútgáfu hér á landi er svipað og um nýbyggingan-
sjóði fiskiflotans, að sumum valdamiklum mönnum hefir þótt
fullnög af hvorutveggja. Ekki eru mörg ár síðan, að einn
aðsti maður þjóðarinnar taldi það, á hátiðlegri stund, einna
ískyggilegast í fari okkar Íslendinga, hve mikið kæmi hér út
af bókum. Sennilegast mundi honum ekki lílast betur á nú,
því að ekki hefir einungis verið haldið áfram útgáfu nýrra
bóka, heldur er einnig farið að gefa út gömul tímarit að nýju.
Og það er einmitt hið nýútkomna hefti hins meira en huntrað
ára gamla tímarits Fjölnis; sem ég ætla að fara um nokkrum
orðum.



Pegar rit þetta kom fyrst út fyrir 108 árum, hafði
landið verið ~~verið~~ ^{verið} ~~þriggja~~ ^{þriggja} ~~tríundan~~ ^{tríundan}. Lengst af hafði nær eini
atvinnuvegur landsmannna verið landbúnaður. Í upphafi önnuðu ~~þ~~ ^þ landsmenn að ~~vísu~~ ^{vísu} ~~siglingar~~ ^{siglingar} sínar og verzlun. ~~En~~ ^{af meðin leggi} smam saman
lagðist þetta niður, svo að segja má, að í upphafi nítjándu
aldar hafi þjóðin um aldaraðir ~~þingöngu~~ verið bænda- eða
búnaðarþjóð, sem sótti ekki ~~sjóinn~~ ^{þingöngu} nema ~~til fiskifange~~
~~grannmáum~~ ^{þingöngu} og ~~þá~~ ^{þá} ~~finspataverki~~ ^{finspataverki} à ~~opnum~~
~~nóttum bætum~~ ^{opnum}

Leynd og freust

Hannur í bls. 2.

segir hann

Segir hann síðan orörétt: " Þegar á alt þetta er litið, ásamt á það, hve Ísland einkanlega er ákaflega langt frá Dammörku, svo að öll hjálpin
getur þess vegna orðið ómöguleg, þegar mest þarf
á henni að halda, þá sýnist mér það mjög efasamt,
hvort Íslandi er gagnað með verulega meiri fólkss-
fjölda en nú er þar, hversu æskilegt, sem manni
við fyrstu sýn kann að virðast það". En um ein-
staka atvinnuvegi segir hann, að landbúnaður hljóti
að vera undirstaða jafnrar velmegunar og fólkss-
fjölda í landinu, en sé þó arið stopull. Iðnaður
og sjálfstæð verzlun sé ekki til á Íslandi og muni
naumast nokkru sinni verða til.

" Óskandi væri Íslendingar færð að sjá, að það
er aumt líf og veselt, að sitja sinn í hverju horni, og
hugsa um ekkert nema sjálfan sig, og slíta svo sundur
félag sitt, og skifta sundur afli sínu í svo marga
parta sem orðið getur í stað þess að halda saman og
draga allir einn taum, og hugsa fyrst og fremst um
heiður og velgengni landsins, sem öllum góðum Íslend-
ingum ætti þó að vera í fyrrúmi."

L mi rennilego met
meini sonni en
um fórum ö lebina
va

hvergi á sjá, að peir séu minni menn en hásetar á skipum annara þjóða. Getum við ~~heccseni~~ sagt, að skrautbuín skip fyrir landi fljóti með ícasta lið, færandi varninginn heim.

Á síðustu tveim mannsöldrum hafa landsmenn tekið í eigin hendur fiskyeiðar sínar, siglingar, verzlun og komið sér upp ~~all verulegum~~ iðnaði. Á fáum áratugum reistu menn sér fjölda álittegra kaupstaða, þar sem fólkio stundaði fiskveiðar, siglingar, verzlun og iðnað, ~~Heo~~ þeim árangri, að Íslendingar, sem eigi voru fleiri 1874, þegar fyrst var losað um hina erlendu ánað, er peir höfðu um aldir verið í, en peir voru 7 öldum fyrr, hefir síðan fjölgað úr 70 þúsundum í 125 þúsundi.

Sjávarhéruðin p.e. kaupstaðir og kaupþún hafa síðustu áratugina tekið við þeim, sem hungrið og Amerika hirtu áður.

Íslenzku sveitapiltarnir, sem 1835 fóru að gefa út Fjölni, sáu sannarlega hvers Íslands þarfnaðist mest.

En þó að í Fjölni standa, að það sem Íslandi mest á ríci, se fiskifangið og hin íslenzka kaupverzlun, þá er þar sannarlega drepið á ýmislegt fleira, sem eigi á síður við nú en þá.

Ýmislegt, sem eigi má án vera, ef við eignum ekki að glata því, sem þegar er fengið. Út í það má ég þó ekki fara í kvöld.

Ég held ~~þó~~, að ég verði að lúka orðum mínum með ummælum Jónasar Hallgrímssonar, þeim, sem hann endar þá grein, sem hann sennilega einum hefir ritað um stjórn mál um ~~afina~~. Því að ég veit eigi annan boðskap, sem þjóðin nu frekar purfi að læra, en þann er hann segir:

(skildi)

landi

"Pá riðu hetjur um héruð, og skrautbuín skip fyrir
 flutu með friðasta lið, farandi varning
 inn heim".

Fjölnismenn sáu eigi drauma sína rætast. Hin
 dauða hönd danska valdsins hvíldi enn um áratugi á land-
 inu. Fólkinnu fjölgangi að vísu nokkuð í sémilegum árferði.
 En strax og harðnaði í ári virtist landinu ofvaxið að bera
 hina auknu fólkemergð.

Um 1880 voru Íslendingar eins og á 11. öld aftur
 orðnir liðlega 70 þúsundir. Þá komu harðindi og fólkis
 flosnaði upp. Sem betur fór, varð það samt ekki hungur-
 morða eins og einni öld áður, heldur gat það bjargað líf-
 inu með því að flýja til Ameríku. En þá fækkaði fólkinnu
 á einum áratug um nær 1500. Öll eðlileg fjölgun og meira
 en það hvarf til annrar heimsálfu.

Það var fyrst þegar áhrifin af auknu stjórnfrelsi
 fóru að koma í ljós að birti um framtíð íslenzku þjóðar-
 innar. Þegar landsmenn fóru sjálfir að ráða málfnúnum
 sínum, þá breyttust draumsýnir Fjölnismanna og annara
 föðurlandsvina í sannar ~~sagnir~~.

Pá gerbreytti ein eða tvær kynslóðir atvinnuháttum
 Íslendinga.

Jónas Halldrímsisson spurði 1835 :

"Hvað er þá orðið okkar starf í sexhundruð sumur?
 Höfum við gengið til góðs götuna fram eftir veg?".
 Og hann varð að svara, að feðranna frágð væri fallin í
 gleymsku og dá. Nú einni öld síðar er aftur ekki um það
 að viðlast, að okkur hefir munan nokkuð á leið.

*Lá litum
bænum*
(at)
 Íslendingar purfa ekki lengur að liggja við fiskveiðar
~~á aðal~~ i þrjú dægur og nærist ekki á öðryðen hlöndu. Og
 þótt skip þau, er Íslendingar sigla nú/eigi stór, og
 purfi bæði stækkunar og umbóta við, þá dylst engum, sem
 nú koma til höfuðstaðarins, að við eigum skip, sem er
 fleytan ~~á~~ sjó. En síðast en ekki sízt, þá þarf enginn
 Íslendingur nú að skammast sín fyrir íslenzka sjómenn,
 þeir eru vissulega bæði hreifir og spræklegir, og láta

drægist ekki út úr landinu, heldur lenti í kaupstöðunum sjálfum. Lønaðarmenn ættu að geta komið vel af í Reykjavík og öðrum kaupstöðum, ef þeir hefðu fjölbreytta framleiðslu. Um kaupmennina segir hann, að þeir séu að sínu leyti hið sama í kaupstöðum og bændur séu á sveitunum: "Undirstaða landsins velmegunar, því fé þeirra er kyrt í landinu, eykst þar og eyðist, og af þeim rótum rennur sú kaupmannastétt, sem landinu er áriðandi og máttarstofn þjóðarinnar, að því leyti sem hún er upp á önnur lönd komin." Hann telur, að það purfi annað til að stemma stigu fyrir hallérum hjá okkur, en að nokkrir útlendingar eigi hér vöruhús að nafninu, og hafi í Danmörku góð orð um, að þeir sjái okkur fyrir öllum nauðsynjum. " Eg er hræddur um", segir Tómas Sæmundsson, " þeir verði heyrnardeafir, þegar aumingjarnir fara að svelta í hel, og eiga að kalla yfir sundið sem liggur milli vor og Kaupmannahafnar."



Hér er stiklað á stóru, en það eru hugleiðingar þessum líkar, sem eru á bak við orð Fjölnismanna í ávarpsorðum rits þeirra, þegar þeir hvetja Íslendinga til að ihuga sögu sína og segja:

" Þá er enn eitt, sem ekki ætti að gleyma, því það lýsir atorku Íslendinga, og er þeim, sem nú lifa, sérlagi eftirtektarvert. Í fornöld fluttu menn sjálfir, á sínum skipum, vörur ^{um} utan til ýmissa landa, og tóku í staðinn ýmislegt sér til gagns og gamans. Þess vegna lenti allur ágóði verzlunarinnar þar sem hann átti að lenda, inn í landinu sjálfu, af því hvorki vantaði prek né vilja til að vinna fyrir honum".

Við sjáum, að dæmi fortíðarinnar er tekið samtíðinni til hvatningar, og við skiljum, að það er ekki einungis skáldleg aðáun á gullöld Íslendinga heldur raunhæf lögeggjan til Íslendinga á nítjándu öld, sem fær Jónas Hallgrímsson til að yrkja í þetta sama hefti Fjölnis:

er hann loks kom siglandi á kænu, sem engum sýndist fær að fleyta á sjó, og hann þar á ofan kvaðst hafa legið úti alla nöttina að leita okkar, en ekki getað fundið. Heldur þóttu mér þessir fyrstu landar mínir óframir, niðurlútir og dauflegir. Vil ég þeir menn, sem fyrstir eiga að taka á móti gestum frá ýmsum löndum, séu hreifir og spræklegir, og láti á sjá, að þeir þykist ekki minni menn fyrir sér en hásetar, er á skipunum eru, sem þeir koma að leiða til hafna. Vera kann samt, að hungur og vosbúð um nöttina hafi í þetta sinn gert nokkuð um." *

L frå John

Pessi fyrstu áhrif, sem Tómas Sæmundsson varð fyrir, þegar hann kom úr sinni miklu fór um Norður-álfu, hafa eflaust orðið til þess að ýta undir þá sannfæringu hans, að landsmönnum væri lífsnauðsyn að auka skipakost sinn, og ætlað hann þeim ~~meira~~ meira í fyrstu en svo, að þeir þurfi að eignast þiljubáta í stað hinna ófnu, sem þá voru nær eingöngu notaðir. Fer hann um það mörgum orðum. Kemur það fram, að hann telur það engan þjóðarvoða, að menn leggi fé í útgerð og hagnist á henni. Þvert á móti segir hann m.a.:

" Eg er ~~sannfærður~~ um, að ef þeir, sem efni hafa á kæmu fé sínu í þiljubát heldur en ~~Jörð~~, sem lítinn ágóða gefur, eða peninga sem liggja arðlausir,-----, mundu þeir, ef ~~daglega~~ væri meðfarið og annað ekki stundað jafnframt, aður langt um liði þykjast hafa sínu fé vel varið." Hyggur hann, að ef sliku verði viða á komið, og farið með svo sem skyldi, komist ~~víð~~ það í betra horf, tók það, sem landinu ~~mest~~ mest a, en ~~lítill~~ gaumur hefir verið að gefinn, og olli því fram-taksleysi og áræðisskortur, en það er fiskifangið og hin íslenzka kaupverzlin og vöruflutningar."

Tómasi Sæmundssyni er ljóst, að bændapjóðin íslenzka þurfti ekki einungis að eignast haffær skip og mannaða sjómenn, heldur þurfti hún einnig að eignast blómlega kaupstaði, en það taldi hann að gæti þá fyrst orðið, er aflið yxi til lands og sjávar, og ágóðinn

Allir voru þeir samt aldir upp í sveit á Íslandi, og þótt þeir væru ekki eingöngu af bændaættum komnir, heldur sumir blandaðir prestablotí, þá hafði þó foreldri þeirra ~~um margar ætti~~ fyrst og fremst haft framfæri sitt af búnaðarstörfum. Allir voru þeir því knýttir búnaðinum sterkum böndum. Engu að síður gerðu þeir sér ljóst, að fólk gat því aðeins fjölgað hér á landi, að atvinnuhættir yrðu fjölbreyttari en verið hafði.

Þeim dylst að vísu ekki, að á Íslandi byr kjarnmikil þjóð, og birta með nokkru stolti þessi ummæli dansks ferðalangs, sem hér hafði verið:

" Íslendingar þykjast enn þá af, að líkjast landinu sem þeir byggja, og standa óumbreyttir í bliðu og stríðu, eins og kletturinn, hvort sem hann er roðinn af sól eða laminн af regni. Þó það sjóði í þeim, mun enginn sjá það á andlitinu, eða ~~á~~ látum þeirra, fyrr en í því vettvangi reiðin brýzt fram, enda geta þeir þá orðið voðalegir. Eins og þeir eru stöðugir og polgóðir, hvort sem þeir eiga að liggja á sjónum tvö eða þrjú dægur, og smakka ekki annað en blöndu, ellegar ferðast yfir fjöll og ár í bleytu og stormi, eins geyma þeir með sama þreki sérhvert áhrif, og sleppa naumast nokkru fyrirtæki, meðaneinhver úrræði eru."

En vonbrigði ~~há~~ oddvita þeirra Fjölnismanna, Tómas ~~Á~~ Sæmundsson, eru auðheyrð, þegar hann lýsir heimkomu sinni á glæsilegu öönsku herskipi. Segir hann frá því, að skipið skaup að kvöldi akkeri til grunns hér úti í flóa og lá þar um nóttina. Síðan segir orörétt :

" Pótti hafnsögumanni mjög seinka, er hann hvorki kom að kvöldi, né að morgni svo snemma sem ratljóst virtist. Átöldu menn hann harðlega fyrir hirðuleysi og dugnaðar, fanst mér og ég ekkert geta sagt honum til ~~miðkvæmar~~ afbötunar. En öllum rann þeim reiðin,

Nú þegar flogið er á 2-3 tímum frá Reykjavík til Kaupmannahafnar verður í skjótri svipan augljóst hversu Ísland er gerólikt Danmörku. Þegar menn hafa í fersku minni hrjúfarhraunbreiður, hrikaleg fjöll og víðlendar en lítt ræktar grassléttur, sundurskornar af stjórflyjotum og eyðisöndum Íslands, sem er umflotið storm-sveiptu reginhafi og bera þetta saman við ræktuð akurlendi, friðsæl sund og stórborgir Danmerkur verður auðskilið að torvelt var að stjórna Íslandi frá hinni dönsku höfuðborg. Aðstæður voru of ólíkar ekki sízt þegar haft er í huga, að lengst af tók ferðalag á milli landanna ekki 2-3 klukkutíma, heldur oft 2-3 vikur, þegar vel gekk, Og hálft árið varð engum boðum kómið á milli af því, að ferðir voru engar. Svo var t.d. um fregrina af dauða Frederiks konungs VII, sem andaðist 15. nóv. 1863 en andlát hans varð ekki kunnugt á Íslandi fyrr en eftir skipskomu til Reykjavíkur um miðjan apríl 1864.

Skiljan
*Eðing*legt var og, að dönsk stjórnvöld hefðu takmarkaðan áhuga fyrir Íslendingum, sem ekki voru nema nokkrir tugir þúsunda, ~~sog~~ fæstir Danir gerðu sér grein fyrir, að töldu sig sérstaka þjóð, *Einda*, ~~heður~~ var það útbreidd skoðun í Danmörku, að Ísland væri að vísu fjarlæg en þó dönsk eyja, lítt byggileg nema fyrir beinan stuðning móðurlandsins. Íslendingar lutu aftur á móti kong-

inum í Kaupmannahöfn af fullri hollustu en litu á Dani sem hverja aðra útlendinga og töldu til stórskulda hjá þeim eftir margháttuð viðskipti öldum saman. Einangrunin varð til þess að efla þjóðarvitund Íslendinga og sagan rann þeim svo í merg og bein, að Gamli sáttmáli við Hákon gamla Noregskonung frá 1262 varð þeim mikilsverðari réttarheimild en samtíma samþyktir danska ríkis-bingsins, þótt staðfestar væru af konungi.

Íslendingar viðurkenndu þess vegna aldrei réttmæti "Lov om Islands forfatningsmæssig~~l~~
Stilling í Riget" frá 2. janúar 1871, en ~~en~~ ~~en~~ | þeirra hljóðaði svo : "Island er en uadskillelig Del af den danske Stat med særlege Landsrettigheder".

Stjórnarskráin frá 1874 var að vísu byggð á þessum lögum svo að um lagaframkvæmdina var ekki að efast, en engu að síður vitnuðu Íslendingar ætíð til upphaflegra mótmæla Alþingis gegn lögnum frá 2. jan. 1871 og einhliða setningu þeirra af Dana hálfu. Lögfesting stjórnarskrárinnar 1874 og síðari breytingar á henni, 1903 og 1915, bundu ekki enda á sjálfstæðisviðleitni Íslendinga svo sem Danir höfðu vonað. Né heldur vildu Íslendingar samþykkja uppkastið frá 1908, sem nefndir frá báðum löndum höfðu samið um í Kaupmanna-höfn þá um vorið.

Aðalástæðan fyrir andstöðu meirihluta Íslendinga gegn uppkastinu 1908 var tvímælalaust sú, að þrátt fyrir að í því fælust mjög verulegar réttarbætur Íslendingum til handa, þá voru þar tiltekin veigamikil atriði, sem áttu að vera óuppsegjanleg. Megin breyting sambandslaganna, sem um var samið 1918 og hlutu gildi 1. desember það ár, var einmitt þessi, að þau veittu Íslendingum einhliða uppsagnarrétt á öllum þáttum sambandsins eftir árslok 1943. Þar var þó konungdæmið undanþegið, því að um það var ekki beint samið, en skýlaust lýst af Dana hálfu við samningsgerðina, að ef aðrir þættir sambandsins slitnuðu, þá óskuðu þeir einnig slita konungssambandsins.

Þó að enginn efi sé á því, að hinn einhliða uppsagnarréttur var ~~gralap~~ ákvörðunarástæða fyrir samþykki yfirlagnæfandi meirihluta Íslendinga á sambandslögunum 1918, þá voru áreiðanlega margir þ.á.m. mjög áhrifamiklir menn, sem töldu, að með þeim hefði stöðu Íslands út á við verið ráðið til lykta um ófyrirsjánlega framtíð. Sú skoðun mun einnig hafa verið mjög útbreidd í Danmörku. A Íslandi var ~~hálf~~ ^{þeiri} ^{lyndileg} hinsvegar brátt ~~rikjandi~~ ^{list}, að ~~sambands~~ ^{þeiri} bæti að fella úr gildi jafnskjótt og ~~h~~æmilt væri. Þeirri ~~skoðu~~ ^{valas} var t.d. lýst á Alþingi af öllum flokkum bæði 1928 og 1937 og má þó e.t.v. deila um, hversu almennur áhugi hafi þá verið fyrir málínu.

A hinsinn sôlark

Detta breyttist þó að vonum, þegar Íslendingar urðu ~~einu~~ að sjá sér og málum sínum farborða í seinni heimsstyrjöldinni. Ákvæði sambandslaganna urðu þá óframkvæmanleg einmitt þegar þau efni sínu samkvæmt hefðu helst átt að verða Íslendingum til styrktar. M.a.s. virtist um skeið bein hætta á, að þau gætu orðið yfirvarp ofbeldis-aflanna til íhlutunar um mál Íslendinga. Svo varð þó ekki. En eins og þá var sagt, að alveg eins og Íslendingar óskuðu þess af heilum hug, að Danir fengju aftur frelsi sitt, þá var okkur það tor-skiljanlegt, að nokkur Dani - einmitt eftir eigin reynslu - amaðist við því, að Íslendingar fengju fullt frelsi í landi sínu.

Lýðveldisstofnunin 17. júní 1944 var ekki gerð til að bekkjast til við Dani, heldur til að fullnægja alda-gamalli þrá Íslendinga sjálfra til fulls frelsis.

Á þeirri frelsisleið var setning sambandslaganna 1918 úrslita-áfangi. Góðvild og sönn frelsis ást dönsku þjóðarinnar lýsti sér þá á ógleymanleg-an hátt. Á þann hátt, sem öllum öðrum verða til fyrirmynadar. Sumarið 1918 höfðu stórveldin því-líkar hugsjónir um sjálfsvörðunarrétt þjóðanna raunar mjög á orði. En Danmörk gekk þá á undan í verki og framkvæmdi það, sem hjá of mörgum sat við orðin ein.

Íslendingum varð það tvímaðalaust mikið happ
að hljóta þann sjálfstjórnarskóla, sem tímabilið
1918-1940 reyndist þeim. Þess vegna voru þeir
hæfari en ella að takast á við vandamálín, sem að
þeim steðjuðu 1940 og æ síðan. Og einmitt á
erfiðleikaárum Dana 1940-1945 og eftir endur-
reisin lýðveldisins á árinu 1944 hafa Íslendingar
fengið þann dýpri skilning á dug og drengskap
dönsku þjóðarinnar, sem er uppistaða tilfinninga
þeirra til hennar nú á dögum.

Sagan af Heljarslóðarorstu hefur nú skemt^m
Íslendingum í nær heila öld, ~~enda~~ kom hún fyrst út
á árinu 1861. Í þessu snilldarverki segir Benedikt
Gröndal á sinn hátt frá ófriði Frakka og Austurríkis-
manna, sem háður var í Ítalíu 1859. Þó að frásögn
Gröndals hafi orðið ótoldum Íslendingum til gamans,
þá var ófriðurinn sjálfur ekki skemmtiefni þeim, er
í honum tóku þátt.

Svissneskur maður fór þá um vígvelli og lýsti
þremur árum síðar í bæklingi, sem hann gaf út í Genf
1862, hörmungum þeirra, sem þar voru látnir liggja
umhirðulausir og fengu að deyja drottni sínum án þess
að ~~nokkrar~~ ^{viðta} hjúkrun ^{au} eða læknishálp ^{av} ~~komin til~~
Neyðarstunur þessara manna, ~~síðan~~ hinn sviss-
neski mannvinur lýsti þeim, vöktu samvizku annarra
svo, að hafist var handa um stofnun Rauða Krossins,
sem nú er orðin ^m einn öflugasti mannúðar ^m félagsskapur
í heiminum. Í fyrstu var hann einkum ætlaður til að
annast um sjúka, særða og ~~þá~~ ^{sem teknið} ~~bæða verið~~
~~þá~~ fanga í ófriði. Hina síðari áratugi, einkum eftir
fyrri heimsstyrjöldina, hefur verkefni félagsskaparins
orðið viðtækara, og er nú á hans vegum unnið að því að
hindra og lina ^{munus} ~~þeir~~ skonar mannlega ^m þjáning ^{au}.

Hér á landi hefur Rauði krossinn, sem betur fer,
ekki þurft að sinna þeim, sem sær ^{gt} hafa í bardögum,
og hefur verkefni hans samt reynst ærið. Slysfarir
eru hér allt of tíðar og margskonar sjúkdómar herja
á mannfólkis. Þá ríður á, stundum svo mjög, að líf
liggur við, að hjálp sé ^m unt að veita nógu skjótt.

Hjálp í viðlögum þurfa sem flestir að kunna. Rauða krossdeildin hér í bæ beitir sér fyrir ken^mslu í henni, sem nú er veitt í Heilsuverndarstöð Reykjavíkur og njóta hennar margir.

Oft þarf af skyndingu að flytja sjúka menn eða slasaða á sjúkrahús. Reykjavíkurdeild Rauða krossins og sumar deildir hans úti um land annast slika flutninga. Hér í bæ á deildin 3 sjúkrabifreiðar, ein er nýkomin, og von er á annarri bráðlega. Árið 1959 fóru bifreiðir Reykjavíkur-deildarinnar 5500 sjúkraferðir, þar af nær 300 til að sækja slasaða menn.

Veikindi ber að, án þess að sjúkrahússvistar sé þörf, eða hún reynist ófáanleg. Þá er Rauði krossinn reiðubúinn til að lána sjúkrarúm og önnur sjúkragögn á heimili.

Eftir því sem íbúum í þéttbýli fjölgar og tengsli þeirra við sveitafólk verða minni, reynist erfiðara að koma börnum fyrir í sveit til sumardvalar. Úr þessu bætir Rauði krossinn nokkuð með sumardvalarheimilum í Laugarási og Silungapolli. ^{Sl.} _{T.} ár nutu 180 börn góðs af því starfi, en þörfin var miklu meiri.

Þvílik sumardvöl getur orðið mörgu barni heilsubrunnar, sem það sækir styrk í á langri æfi. Enda er meira undir því komið að hindra sjúkdóma en lækna, þótt það megi sigt vanrækja. Til eflingar skilningi á hollum lifnaðarháttum og heilsuvernd gefur Rauði krossinn út tímarit, sem nefnist Heilbrigts líf.

Þessi örstutta og ófullkomna upptalning gefur nokkra hugmynd um hið margþætta starf Rauða krossins á landi hér. Sjálfur er félagsskapurinn og allflugur, því að alls eru

í honum 16 deildir víðsvegar um land. Sumar þeirra eru þó fámannar um of, Reykjavíkurdeildin eðlilega langmannflest með um 2000 meðlimi.

Þótt ýmsir leggi því hönd á plógin, þá geta þeir ekki einir unnið allt það, sem gera þarf. Rauði krossinn tekur að vísu gjald fyrir sumt af störfum sínum. En því er stillt svo í hóf, að það verði ekki til hindrunar því, að nauðsynleg hjálp sé tafarlaust veitt. Til þess að anna þeim verkefnum, sem Rauði krossinn hefur tekið að sér, þarf mikið fé, þótt margt sé gert af áhugafólki án endurgjalds. Þess vegna hefur Rauði krossinn árlega fjársöfnun með merkjasölu víðsvegar um land /á öskudaginn.]

Ætlun míni með þessum orðum er að skora á landsmenn að bregðast vel við og styrkja þessa þörfu starfsemi með því að kaupa merki félagsins, sem börn munu hafa á boðstólum.

Jafnframt beini ég því til barna, að þau bjóði fram sína ómetanlegu aðstoð við sölustarfið. Foreldra bið ég um að leyfa börnunum að taka þátt í merkjasölunni, en sjá um að þau verði vel búin, svo að ekki væsi um þau í vetrarkuldani.

Öll skulum við léttu undir með þessu þjóðþrifastarfi og minnast þess, sem áður hefur verið sagt:

"Rauði krossin biður um hjálp þína í dag - þú kannt að þurfa hjálpar hans á morgun".

I

Alþingi Íslendinga var stofnað 930 og urðu hinar norsku byggðir á Íslandi þar með að einu ríki.

A meðan hið forna lýðveldi stóð fór Alþingi með löggjafarvaldið og hið æðsta dómsvald. Eiginlegt allsherjarframkvæmdarvald skapaðist hinsvegar aldrei og átti það ríkan þátt í því, að Ísland komst undir Noregskonung árið 1262. Eftir það hélt aðild Alþingis að löggjöf ásamt konungi allt þangað til 1662, að einveldi konungs var játað. Þómsvaldi hélt Alþingi sem einskonar yfirréttur í íslenzkum málum þangað til árið 1800, þegar Landsfyrrétturinn var stofnaður og

Alþingi lagt niður. Skipun Alþingis og verkefni á þessu langa tímabili ~~brenntist því miðög eftir þaum sem tómen lítu var því harkarólegt, en þó var það ætið aðal réttar-tákn sérstakrar tilveru íslenzku þjóðarinnar, fyrst sjálfstæðis hennar og síðan sjálfstæðis-prár.~~ Konungur Noregs var jafnframt konungur Íslands ~~en~~ þangað til Noregur slitnaði úr tengslum við Danmörku árið 1814, en ~~þessi~~ ^{þær} lönd höfðu haft sameiginlegan konung frá því 1380. Þá fylgdi Ísland Danmörku, enda hafði landinu þá lengi verið stjórnar frá Kaupmannahöfn og var það í framkvæmd skoðað sem óaðskiljanlegur hluti danska ríkisins. Þegar losna tók um einveldið stofnaði konungur með tskp. 8. mars 1843 sérlega ráðgefandi samkomu fyrir Ísland og gaf henni nafnið Alþingi. Íslendingar tóku þessari ráðstöfun og nafngjöfinni með miklum fögnum, því að þeir töldu hvorttveggja merki um endurheimt forns frelsis.

Díularáðsþingi
: líkum með
því, sem ~~er~~ tilbúst
á íslenzum löggjöfum -
þvíkum minn a
ðórum, varð aldrei
á Alþingi hinn n
forn.
Spjatt þvíin allan
brenntið var á Alþingi